

5. Þjónustugjald.

- 5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
- 5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af Flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild Flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Leigugjöld.

Heimilt er að innheimta leigugjald fyrir afnot húsnæðis, flugskýla eða lóða á vegum Flugmálastjórnar. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði Flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1 Þar sem getið er um massa loftfars er átt við leyfilegan hámarks massa þess.
- 7.2 Með flutningaflugi er átt við rekstur loftfara sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum og pósti gegn endurgjaldi.
- 7.3 Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er Flugmálastjórn heimilt að innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti. Ef gjöld vegna loftfara eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga er Flugmálastjórn heimilt að aftra för viðkomandi loftfara uns greitt hefur verið.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 71. gr. laga um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Þyngdarviðmið samkvæmt grein 2.3. verður 2.000 kg fram til 1. janúar 1999 en breytist þá í 1.500 kg. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 354, 15. júní 1998 um sama efni.

Samgönguráðuneytinu, 7. september 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.**

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á seinni árs helming 1998 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna I-hluta námskeiðs kr. 60.000
(innritunar- og prófgjald innifalið)

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.